

Erindi Kristjönu Bjarnþórsdóttur dags. 12. janúar 2021 um lausagöngu hunda í borgarhlutanum

Góðan dag



Ég er íbúi í Reynisvatnsási í Grafarholti og hef notað göngusvæði fyrir ofan hverfið mikið til útivistar og veit ég að þá á við marga íbúa í hverfinu. Svæðið hefur marga góða göngustíga sem eru tilvaldir til göngu, skokks, hjólaferða o.flr.

Undanfarið höfum við verið að rekast mikið á lausa hunda og þegar við gefum okkur á tal við eigendur þeirra vilja þeir meina að þeir séu á svæði þar sem lausaganga hunda er leyfð.

Þegar upplýsinga er leitað inn á vef Borgarinnar eru þær nokkuð misvísandi.

Ef leitað er eftir lausagöngu hunda kemur allt svæði hér fyrir ofan hverfið sem leyft svæði fyrir utan göngu, reið og akstursvega/slóða og einkalóða. Þetta er ekki nægilega skýrt og ljóst að hundaeigendur túlka þetta ekki með þessum hætti.


Reynisvatnsheiði, ath. tekur ekki til göngu, reið og akstursvega/slóða né einkalóða á svæðinu




Hér kemur fram að lausaganga sé leyfð á göngustígum? Hvort er rétt?

Hundasvæði og frisbígolf

Samkvæmt hundasamþykkt Reykjavíkurborgar er lausaganga hunda leyfileg á svæði sem sést á mynd. Lausaganga er heimil á aðalstígum og útivistarstígum en ekki skipulögðum, aksturs-, reiðleiðum og á græna stígum. Gert er ráð fyrir að í Paradísarlaut megi koma fyrir þrautabraut fyrir hunda en nýta má það efni sem fellur til við grisjun s.s. trjádrumba og fleira. ✓



Til samanburðar má hér sjá önnur svæði sem eru ætluð fyrir lausagöngu hunda. Hverfið hér fyrir ofan er hróplega stærra en önnur svæði og hlýtur þetta að þurfa að vera í samráði við íbúa, afmarka svæði og merkja.




Til stendur að gera þetta svæði að fjölbreyttu útivistarsvæði fyrir borgarbúa skv. rammaskipulagi fyrir Austurheiðar sem er ég fagna en ég óska hér með eftir að íbúaráðið skoði þarna hvað er rétt í þessu máli því það er ljóst að hundaeigendur túlka þetta sem eitt stórt svæði þar sem lausaganga er leyfð því við erum ekki eingöngu að mæta lausum hundum uppi á heiðinni heldur rétt fyrir ofan hverfið okkar.

Þarna ætti betur við að afmarka ákveðið svæði fyrir lausagöngu og merkja það vel því að lausaganga hunda á ekki samleið með allri þeirri útivist sem er áætluð þarna þ.e. útreiðar, gönguskíði, fjallahjól, göngu, skokk, sveppamó, berjamó o.fl.

Í spurningum og svörum frá streymisfundi um rammaskipulagið sem haldinn var 25. júní 2020 kom eftirfarandi fram og vil ég spyrja hvar þetta afmarkaða svæði á heiðunum er?

Ekki er minnst á hunda eða hundahald í upptalningunni um svæðið. Eru það mistök eða er ætlunin að taka svæðið af okkur sem förum þarna að viðra okkur og hundinn?

Hundar er velkomnir áfram á svæðið og það kemur skýrt fram í greinargerðinni fyrir skipulagið. Hundasamþykktin skilgreinir ákveðið svæði á heiðunum sem sleppisvæði Hunda, það er ekkert verið að breyta því. Það er meira að segja verið að leggja til þrautabraut í Skálinni



Mynd 6. Svæði þar sem lausaganga hunda er heimil skv. samþykkt um hundahald í Reykjavík 478/2012.

Það er vel skiljanlegt að hundaeigendur þurfi sín svæði en það er óásættanlegt að þetta sé unnið með svo óljósum hætti og að etja okkur íbúum hverfisins gegn hundaeigendum sem telja sig vera á leyfðu svæði.

Með bestu kveðju,

Kristjana Bjarnþórsdóttir